

Umsögn um þingmál 628 um breytingu á lögum sem varða alþjóðleg öryggismál o.fl. frá Samtökum hernaðarandstæðinga

Lagabreytingar þessar eru samtíningur á ýmsum smábreytingum á gildandi lögum, sem í flestum tilvikum eru tæknilegar og stundum nær að tala um snurfusanir en eiginlegar breytingar. Það er miður því gildandi lög í málaflokknum eru að mörgu leyti meingölluð og hefðu mátt við verulegri endurskoðun.

Við þá endurskoðun hefði mátt draga úr valdi utanríkisráðherra til að taka veigamiklar ákvarðanir á sviði alþjóðamála án annars samráðs við alþingi en að tilkynna utanríkismálanefnd um málið. Á sama hátt er ráðherra í dag nær einráður um flest það sem farðar ferðir herfarartækja um íslenskt land. Þeim litlu raunverulegu breytingum sem hér er gert ráð fyrir í lögum er ætlað að festa vald ráðherra á þessum sviðum enn frekar í sessi, en nær hefði verið að draga úr því með því að auka áhrif þingsins varðandi fyrri atriðið en t.d. sveitarfélaga varðandi það síðara.

Alvarlegast verður að teljast að með frumvarpinu eru heimildir ráðherra til að styðja ýmis konar þvingunaraðgerðir gegn erlendum ríkjum á þann hátt að ekki sé gerð krafa um að ákvörðunin um aðgerðirnar sé tekin á vegum alþjóðastofnana, heldur er gripið til hins óskilgreinda og loðna hugtaks „ríkjahópa“. Kemur þar upp í hugann innrásin í Írak 2003, þar sem Bandaríkin og Bretland brugðust við andstöðu formlegra alþjóðastofnana við því feigðarflani með því að mynda „bandalag hinna staðföstu þjóða“, sem væntanlega myndi falla undir hugtakið „ríkjahópur“.

Í fyrstu umræðu um frumvarpið á þingi taldi utanríkisráðherra að slíkur samanburður ætti ekki við, þar sem heimild ráðherra tæki til annars konar aðgerða en beinnar hernaðaríhlutunar eða stríðsreksturs. Því er hins vegar til að svara að árásgjörn stórveldi hafa sýnt mikla hugkvæmni á liðnum árum til að toga og teygja slíkar skilgreiningar. Skemmst er að minnast stríðsins í Líbýu, sem var þó í orðni kveðnu ekki skilgreint sem stríð hefur „framkvæmd loftferðabanns“. Þá má ekki gleyma því að „saklausari“ þvingunaraðgerðir eru oft og tíðum undanfari vopnaíhlutunar.

Samtök hernaðarandstæðinga leggja því eindregið til að köflunum er snúa að erlendum ríkisskipum og ríkisloftförum (sem eru óvenju slöpp skrauthvörf fyrir herskip og herflugvélar) og þeim er snúa að framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða verði synjað. Breytingar á ákvæðum fjórða kafla eru tæknilegar og skaðlitlar að mati SHA.